

## 47. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum

Lundarseli 21. nóv. 2011 kl. 20.00

**Mættir:** Elvar, Arnheiður, Þorberg, Guðjón og Svala.

### Ýmis mál á dagskrá

Veltum fyrir okkur hvenær við mættum búast við svörum úr athugasemdum sem við sendum inn vegna Dalsbrautar. Beðið svara.

Ræddum hugmyndina um vefinn sem Reykjavíkurborg er með "Betri Reykjavík", möguleiki að hverfisnefndin eða aðrir aðilar utan nefndar beiti sér fyrir því að opnaður verði svipaður vefur fyrir íbúa Akureyrarbæjar. Mikilvægt að auka lýðræði almennings í bænum.

Ræddum um hvort hverfisnefndin geti komið með hugmyndir til bæjaryfirvalda sem miða að því að halda niðri hraða á Skógarlundinum þar sem ökumenn keyra ansi oft greitt þarna. Ákveðið að leggja höfuðið í bleyti.

Umræður sköpuðust um fjármagnið sem eftir er sem hverfisnefnd er úthlutað á hverju almanaksári. Ýmsar tillögur komu um hvernig mætti verja því. Engin áreiðanleg niðurstaða fékkst í málið☺

Umræður sköpuðust um tengingu frá Brálundi og Daggarlundi inn á Miðhúsabraut. Það vekur furðu okkar að bæjaryfirvöld sjái ástæðu til að opna þarna á milli. Að opna fyrir umferð af Miðhúsabraut inn í Brálundinn skapar óþarfa umferðarhættu inn í rólegt íbúðahverfi sem ætti að öllu jöfnu að vera laus við slíka umferð. Tenging frá Skógarlundi inn í Brálund og Daggarlund sýnist okkur vera nægileg umferðartenging.

Ræddum stæði Bjarkarlundar tvö. Virðist sem svo að ekki þýði að byggja á reitnum þar sem erfitt er að komast niður á fasta jörð. Virðist vera botnlaust dý þarna sem skapar hættu fyrir börn og aðra í hverfinu. Hverfisnefndin hefur hug á að kanna áhuga bæjaryfirvalda á að gera leikvöll á stæðinu.

Næsti fundur verður boðaður innan tíðar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30  
Fundargerð ritaði Svala